

ANTIKA EHF 2019

Skráning stríðsminja á Suðurnesjum

Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Við bæinn Hlíð í Garði var hverfið Útskálar en það var kallað Hlíðarkampur af heimamönnum

Forsíðumynd: Arinn á Fitjum.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer:

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af Eiríki Hermannsýni og Ingu Sóleyju Kristjónudóttur nema að annað sé tekið fram.

@ Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Ljósmyndaskrá	5
Inngangur	7
Skráningar á stríðsminjum	9
Skráningarsvæðið	9
Tilgangur fornleifaskráningar	11
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Fornleifa og minjanúmer	16
Tegund, hlutverk og heiti	16
Staðsetning	16
Staðhættir og lýsing	17
Hættumat	17
Mótvægisáðgerðir	17
Stríðsminjar frá veru hersins	18
Garðskagaflatir flugvöllur [1260]	20
Hlíðarkampur - Útskálar	22
Miðunarstöðin á Fitjum	26
Hverfið Howard [1429] á Langholti	29
Tóft [1562] Berghólar í Leiru	31
Skotbyrgi [1563] Bergvík	32
Hverfið Snelling [1453]	33

Hverfið Goodrich [1420]	34
Stjórnstöð - Kjallari [429]	34
Skáli [436] og veggjarbrot [1136]	35
Kalka [287], varða á Háaleiti	36
Hverfið Harrison [851]	38
Hverfið Rising [1445]	40
Hverfið Hopkins	40
Hvalsnes [1432]	41
Þórshöfn	42
Samantekt og niðurstöður	43
Heimildir	45
Tímarit	45
Árnastofnun	46
Heimildarmenn	46

Ljósmyndaskrá

Mynd 1 Við bæinn Hlíð í Garði var hverfið Útskálar en það var kallað Hlíðarkampur af heimamönnum.....	2
Mynd 2 Yfirlitskort af skráningarsvæðinu.	8
Mynd 3 Kortið sýnir svæðið sem var tekið eignarnámi og hvaða jarðir áttu landið.	10
Mynd 4 Skjáskot af gagnagrunninum af uppmælingum á Fitjum.	14
Mynd 5 Skráningarform í grunninum 3 sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	15
Mynd 6 Hermenn í skotgröf.	18
Mynd 7 Yfirlitskort yfir hverfin. Þau sem eru í rauðum hring er fjallað um í skýrslunni. Hverfin sem eru alveg horfin eru blár hringur. Hverfin sem eru ómerkt hafa ekki verið skoðuð. Eitt hverfið er með grænum hring það hefur ekki verið skráð en heilmiklar minjar eru þar.	19
Mynd 8 Hlíðarkampur á stríðsárunum.	20
Mynd 9 Flugvallarsvæðið á Garðskagaflötum.	21
Mynd 10 Hlíðarkampur, skotbyrgi, túngarður og braggagrunnur.....	22
Mynd 11 Grunnur undan bragga [1254].....	23
Mynd 12 Skotbyrgi [1240] í túninu á Hlíð. Horft til vesturs þar sem flugvöllurinn var áður.	24
Mynd 13 Jarðhýsi, neðanjarðarbyrgi [1251], hlutverk þess er óþekkt en þar má finna ýmsa hluti.....	25
Mynd 14 Hverfið á Fitjum. Húsgrunnar, braggar og gata.....	26
Mynd 15 Sennilega hefur varðstöð verið inn í hverfið á Fitjum og eru þetta leifar af því húsi.	27
Mynd 16 Braggagrunnur [1206], hlaðnir veggir og steipt við innganginn.	27

Mynd 17 Fjórir steyptir húsgrunnar eru á Fitjum og tveir þeirra hafa ennþá varðveittar tröppur.	28
Mynd 18 Hverfi Howard yfirlitskort.	29
Mynd 19 Mynd 11 Leifar af steyptum húsgrunnum á Langholtinu.	30
Mynd 20 Tóft [1562] fjárborg - skotbyrgi.	31
Mynd 21 Skotbyrgi í Bergvíkinni.	32
Mynd 22 Hverfið Snelling, hús, braggar og götur. Það hefur ekki verið fullskráð.	33
Mynd 23 Hverfið Goodrich var skráð árið 2016.	34
Mynd 24 Arinn frá Harrison hverfinu sem stendur stakur eftir sem vitnisburður hernámsárin.	37
Mynd 25 Hverfið Harrison, fjöldinn allur af bröggum, húsum, byrgjum og vegaslóðum.	38
Mynd 26 Hverfið Rising hús, braggar og gata.	39
Mynd 27 Hverfið Hopkins aðeins lítill hluti þess hefur verið skráður. Loftmyndin sýnir vel umfangið á minjasvæðinu.	40
Mynd 28 Hvalneshverfið, grunnar undan bröggum og einu steyptu húsi. Það hefur ekki verið fullskráð.	41
Mynd 29 Hvalsnes hverfið. Húsgrunnur og tröppur [752] í heiðinni fyrir ofan Hvalsnes.	42
Mynd 30 Eitt af mörgum skotbyrgjunum sem er að finna í kringum Þórshöfn.	42
Mynd 31 Upplýsingaskilti við hverfin Hopkins og Rising.	44

Inngangur

Markmið verkefnisins var skráning og mæling menningarminja sem tengjast veru varnarliðs Breta og Bandaríkjamanna á stríðsárunum á landsvæði sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðis.

Hvergi á landinu voru umsvif erlendra herja meiri en á Suðurnesjum. Einn af fyrstu flugvöllum breska flughersins hér á landi var á Garðskagaflötum og þar höfðu Bretar aðstöðu um nokkurt skeið. Þar reistu Bretar bragga og loftnet eða miðunarstöð strax 1940 auk loftvarnarbirgja.

Með komu Bandaríkjamanna 1941 jukust umsvifin enn og framkvæmdir urðu meiri og stórtækari. Eins og við er að búast er því mikill fjöldi herminja á Miðnesheiði þar sem varnarliðið hafði aðstöðu frá því á árum seinni heimsstyrjaldar.

Minjar af þessu tagi eru ekki sjálfkrafa verndaðar af þjóðminjalögum þar sem þær eru ekki orðnar hundrað ára gamlar. Í lögunum er þó heimild til þess að friðlýsa yngri minjar, en um þau efni hefur hvorki skapast hefð né opinber stefna verið mörkuð. Það gefur engu að síður auga leið að ýmsar herminjar á Miðnesheiðinni eru þýðingarmikil heimild um hlutdeild Íslands í einhverjum mestu stríðsátökum mannkynssögunnar og kalda stríðinu sem á eftir kom.

Fullyrða má að varnarminjar frá stríðsárunum og fram til þessa tíma hafi alþjóðlegt minjagildi. Því er mikilvægt að fram fari nákvæm skráning á því sem er enn sjáanlegt og það mælt upp samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands um skráningu fornminja. Þær upplýsingar þarf að færa á kortagrunn deiliskipulags sveitarfélaganna og leggja mat á hvað af því er þess virði að varðveita og segja frá í máli og myndum. Ekki leikur nokkur vafi á að margir vegfarendur um t.d. Garðskaga hefðu gaman af að vita af þeirri sögu sem liggur að baki Garðskagaflata í flugsögu og varnarsögu landsins. Sú saga er flestum ókunn.

Margir núlifandi heimamenn eru fróðir um þessa staði og geta lýst þeirri starfsemi sem þarna fór fram, jafnvel þótt ummerkin séu orðin óljós. Mikilvægt er að skrá þeirra frásagnir og safna myndefni því sem til er frá stríðstímanum.

Verkið var unnið í samvinnu félaga í Sögufélagi Suðurnesja og fornleifafræðinga frá Antikvu ehf.

Verkefnið heitir Skráning stríðsminja á Suðurnesjum. Umsækjandi og verkefnastjóri var Eiríkur Hermannsson. Markmið verkefnisins var skráning og uppmælingar menningarminja um veru Breta og Bandaríkjamanna á árunum 1940-1945.



Mynd 2 Yfirlitskort af skráningarsvæðinu.

Fyrsti áfangi miðast við skráningu í sveitarfélögunum Garði og Sandgerði en í skýrslu þessari er auk þess fjallað um þau svæði sem áður hafa verið skráð af Ragnheiði Traustadóttur. Skráning fór fram á Garðskagaflötum, Hlíðarkampi, Fitjum, Howard á Langholti, Berghólum og Bergvík. Svæði sem áður voru skráð eru Goodrich og Harrisson auk þess hefur Ragnheiður safnað upplýsingum um fleiri hverfi sem ekki hafa verið að fullu uppmæld. Þau eru Snelling, Hvalsnes Þórshöfn, Rising og Hopkins.

Í umsókninni var lagt til að ummerki og minjar um stríðið yrðu mældar upp og færðar á kortagrunn sveitafélagsins og sögukort og upplýsingaskilti sett upp. Gert var ráð fyrir heildarkostnaði upp á 2-2,5 milljónir króna. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr. 800 þús.

Við vettvangsskráninguna voru til aðstoðar fornleifafræðingarnir Inga Sóley Kristjónudóttir og Hermann Jakob Hjartarson.

Þeim og öðrum, sem veittu aðstoð við gerð þessarar skráningar, er þökkud aðstoðin.

Skráningar á stríðsminjum

Eldri skráningar eða rannsóknir á svæðinu á stríðsminjum eru afar takmarkaðar á vettvangi. Skrif og rannsóknir Friðþórs Eydals á sögu hernámsins eru mjög góð og mikilvæg heimild fyrir vettvangsrannsóknina. Skráning á vettvangi á stríðsminjum hófst árið 2000 en þá skráði Ragnheiður Traustadóttir afmarkað svæði á Miðnesheiði, sú skráning gefur þó ekki eingöngu mynd af eiginlegum stríðsminjum á svæðinu.¹ Skráningin var hluti af stærra verkefni sem fólst í heildarskráningu á menningar- og herminjum í herstöðvum í Evrópu á vegum varnarliðsins.

Árið 1997 skráði bandarískur fornleifafræðingur að nafni Bruce J. Larson nokkrar fornleifar á yfirráðasvæði hersins á Keflavíkurflugvelli. Hún er alls ekki tæmandi og uppfyllir ekki skilyrði fornleifaskráningar hér á landi og voru í raun aðeins örfáar minjar skráðar.

Þá stóð til að herminjar yrðu skráðar undir yfirumsjón R. Christopher Goodwin & Associates. Gerði hann aðeins tillögur um skráningu. Afrit af skýrslum bandarísku fræðimannanna eru varðveittar á Minjastofnun Íslands. Við fornleifaskráningu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar árið 2014 voru aftur á móti allar sýnilegar varnarliðs- og stríðsminjar skráðar á Miðnesheiðinni innan marka aðalskipulagsins og voru þær sérstaklega mældar síðan upp árið 2016 við gerð deiliskipulags vestan við flugvöllinn.

Skráningarsvæðið

Breski herinn kom til landsins 10. maí 1940 og setti upp varðstöðvar víða um land. Umsvif Breta geta þó ekki hafa talist mikil í fyrstu. Markmiðið fyrstu mánuðina var að koma upp varðstöðvum á útnesjum og leita að heppilegum lendingastöðum flugvéla. Garðskagi var einn af fyrstu stöðum sem þeir komu upp aðstöðu á enda þóttu túnin þar óvenju álitlegur kostur

¹ Ragnheiður Traustadóttir, 2000. *Fornleifar á Miðnesheiði*.

fyrir flugbrautargerð án mikils tilkostnaðar. Túnin eru víðlend og slétt, jarðvegurinn sendinn og þurr jafnvel í votviðratíð en aðflugsleiðir þó aðeins færar í SV-NA línu.

Árið 1941 tóku Bandaríkjamenn að sér hvernd Íslands og ári síðar hófu þeir flugvallargerð á Miðnesheiði. Hinn 18. maí 1942 var gefin út tilskipun um bannsvæði á Reykjanesskaganum norðvestanverðum vegna þeirra framkvæmda. Heiðin kringum Háaleiti ofan við Keflavík þótti vel fallin fyrir þessi mannvirki. Þar var óræktað, þurrlegt heiðarland, engin há fjöll í nálægð og loftstraumar heppilegir. Landið var tekið eignarnámi, um 9200 ha.² Yfirráðasvæði Varnarliðsins eins og það var, sést á korti sem gert var í maí 1944.³ Herinn fór á brott árið 2006 og við það hefur opnast aðgangur að stóru svæði sem áður var innan varnargirðingarinnar. Keflavíkurflugvöllur og svæðið næst honum er þó enn innan girðingar.



Mynd 3 Kortið sýnir svæðið sem var tekið eignarnámi og hvaða jarðir áttu landið.

² Friðþór Eydal, 2007. *Frá heimsstyrjöld til hverndar, Keflavíkurstöðin 1942-1950*, Reykjavík 2007 bls. 39.

³ Friðþór Eydal, 2007. *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 40.

Jarðir sem áttu land á Miðnesheiði árið 1949 samkvæmt yfirvirðingu á landi til flugvallar á Reykjanesi, voru frá norðri til suðurs Sandgerði, Bæjarsker, Fuglavík, Nesjar og Melaberg, Lönd og Bursthús, Hvalsnes, Stafnes, Hafnir, Leiruland, Keflavíkurkaupstaður, Ytri-Njarðvík og Innri-Njarðvík.⁴

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

⁴ Friðþór Eydal, 2007. *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 39

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrsla um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar meggi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Stríðsminjarnar sem hér um ræðir eru einungis um 74 til 78 ára gamlar og teljast því ekki til fornminja skv. skilgreiningu fornleifalaga, þær eru engu að síður afar mikilvægar í menningar- og atvinnusögulegu samhengi og verðskulda því sérstakan sess í sögu svæðisins.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við skráninguna voru minjarnar flokkaðar eftir heitum jarðanna, s.s. Fitjar, Hlíð, Hvalsnes, Leirunni, Stafnes eða óskipt heiðarland. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmyndir frá Loftmyndum ehf.



Mynd 4 Skjásnot af gagnagrunninum af uppmælingum á Fitjum.

Id	1254
Name	Braggagrunnur
Class	Arkeologískt objekt
Sérheiti	Hlíðarkampur
Leið	
Bæjarnafn	Hlíð ▼
Sveitarfelag	Suðurnesjarbær ▼
Sveitarnr	250 ▼
Svæði	<None> ▼
Flokkun	Herminjar ▼
Tegund	Hleðsla ▼
Lengd	25 meter
Breidd	11.2 meter
Hæð	0.50 metrar
Athugasemd	Skilti í bragga grunninum - Herkampur
Heimild	Friðþór Eydal, 2007, bls. 80.
Aldur	1941-1945 ▼
Mæling	Uppmæling ▼
Ar	2018
Dagur	09.12.2018
Horfin	Nei ▼
Hættumat	Mikil hættu ▼
Hættuorsök	Vegna ábúðar ▼
Ástand	Vel greinanlegar minjar ▼
Verkefni	Skráning stríðsminja
Minjagildi	Mikið ▼
Fridad	Nei ▼
Friðlýst	Nei ▼
Umhverfi	Í túni austan við malarveg.

Mynd 5 Skráningarform í grunninum 3 sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifa og minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Kalka [287]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „stjórnstöð – kjallari[429]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Reykjanesskaganum sem Antikva ehf. hefur hannað. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að *heimild* sé til um t.d. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar eða stríðsminjar sérnafn, t.d. **Garðskagaflatir**, er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Reykjanesskagans. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhättum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var það einungis varðan Kalka á Háaleiti [287] sem fjallað er um sem hefur horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum. Ýmis hverfi hafa horfið í gegnum tíðina vegna framkvæmda og er þeirra ekki sérstaklega getið í þessari skýrslu.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.




Mynd 6 Hermenn í skotgröf.

Stríðsminjar frá veru hersins

Á varnarsvæði Bandaríkjamanna á Miðnesheiði munu hafa verið reistir alls 2081 skálar og skemmur af ýmsum gerðum og stóðu í þyrpingum og hverfum sem til öryggis var dreift umhverfis flugvellina, sem voru tveir, þ.e. Patterson og Meeks.⁵ Í bók Friðþórs Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, er að finna greinagóðar upplýsingar um mannvirkin ásamt yfirlitskorti yfir hverfin og nöfn þeirra. Segir þar um nöfnin á hverfunum: „Nafngift herskálahverfanna var af ýmsum toga. Bandaríkjamenn kenndu hverfi sín gjarnan við sögufræga hermenn, leiðtoga, staði eða bækistöðvar eða nefndu þau til heiðurs látnum

⁵ Friðþór Eydal, 2007. *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 69.

liðsmönnum Bandaríkjahers líkt og var um nafngift flugvallanna. Voru flest skálahverfin á flugvallarsvæðinu kennd við hermenn sem fórust er þýskur kaubátur sökkti herflutningaskipi USS Henry R. Mallory í skipalest djúpt suð-suðvestur af landinu 7. febrúar 1942.⁶ Þau svæði sem voru til sérstakrar skoðunar hjá skýrsluhöfundum eru öll á útnesinu utan þessa korts.



Mynd 7 Yfirlitskort yfir hverfin. Þau sem eru í rauðum hring er fjallað um í skýrslunni. Hverfin sem eru alveg horfin eru blár hringur. Hverfin sem eru ómerkt hafa ekki verið skoðuð. Eitt hverfið er með grænum hring það hefur ekki verið skráð en heilmiklar minjar eru þar.

⁶ Friðþór Eydal, 2007. *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 69.



Mynd 8 Hlíðarkampur á stríðsárunum.

Garðskagaflatir flugvöllur [1260]

Breski herinn hernam Ísland þann 10. maí 1940 til að koma í veg fyrir mögulega innrás Þjóðverja. Herinn var að flestu leyti vanbúinn og efnalítill og þurfti að koma sér upp aðstöðu og þjónustu með litlum fyrirvara og sem minnstum tilkostnaði. Bretar hófu strax leit að heppilegu flugvallarstæðum víða um landið. Fengu þeir snemma augastað á Reykjavík, Kaldaðarnesi í Flóa, Odda á Rangárvöllum, á Snæfellsnesi og Garðskaga og ef til vill fleiri stöðum. Fáir staðir voru jafn ákjósanlegir fyrir bráðabirgðaflugvöll og Garðskaginn. Þarna var slétt og ræktað land, fyrrum kornakrar um aldir.⁷ Jarðvegur á Garðskagaflötum er harður, þéttur og sendinn þannig að vatn sest sjaldan lengi á sléttlendið. Bretar sömdu við bændur á

⁷ Magnús Gíslason, „Flugvöllur hans hátignar. Af setuliðinu í Garði og gerð flugvallar á Garðskaga 1940-1944“, *Árbók Suðurnesja*, VI. árgangur, Sögufélag Suðurnesja, Keflavík 1993, bls. 98.

þeim fimm bæjum sem höfðu notað þetta svæði sem tún og beitiland en það voru Hafurbjarnarstaðir, Kolbeinsstaðir, Ásgarður, Hólabrekka og Útskálar.⁸

Flugvallargerð [1260] á Garðskaga var ákveðin og var hafist handa snemma um sumarið 1940, og flugvöllurinn tekinn í notkun sumarið 1941. Þetta var fyrsti flugvöllur á Reykjanesskaganum og líklega einn fyrsti flugvöllur sem Bretar gátu nýtt sér hér á landi.



Mynd 9 Flugvallarsvæðið á Garðskagaflötum.

Túnum bænda á Garðskaga var með auðveldum hætti breytt í 1050 m langa flugbraut sem var 90 m breið og lá frá Garðskagavegi suður undir Hafurbjarnarstaði. Flötin var sléttuð og tyrfd að nýju eftir því sem þurfti og sáu heimamenn um verkið. Þetta var fyrsta reynsla þeirra af Bretavinnu og áttu margir þeirra eftir að helga setuliðinu störf sín næstu áratugina. Notaðir voru þeir vörubílar sem Garðmenn og Sandgerðingar áttu á þeim tíma auk hestvagna. Verkamennirnir sjálfir lögðu til handverkfæri s.s. skóflur, haka og sleggjur.⁹ Þegar

⁸ Magnús Gíslason, *Árbók Suðurnesja*, 1993, bls.99.

⁹ Sama heimild bls. 101.

flugvallarstæðið hafði verið sléttað voru ræmur ristar í torfið svo skeljasandurinn kæmi vel í ljós við báða enda brautarinnar og með langhliðunum. Þannig var flugvöllurinn vel sýnilegur úr lofti.



Mynd 10 Hlíðarkampur, skotbyrgi, túngarður og braggagrunnur.

Hlíðarkampur - Útskálar

Við bæinn Hlíð í Garði var hverfið Útskálar en það var kallað Hlíðarkampur af heimamönnum. Bærinn Hlíð stóð þar sem nú eru gatnamót Skagabrautar og gamla Sandgerðisveg. Bærinn stendur ekki lengur en bæjarhóllinn [1256] er við innkeyrsluna að Hótel Lighthouse Inn, sem hóf rekstur í mars 2017. Nokkrir hermenn höfðu aðsetur í risinu á Efra Hofi þar sem sá út á flóann.



Mynd 11 Grunnur undan bragga [1254].

Þar var einnig nokkur braggabyggð í námunda við íbúðarhúsið, en megin verkefni herflokksins sem þar dvaldi mun hafa verið eftirlit með kaþbátaferðum.¹⁰ Þar voru reistir 14 braggar. Nú er þar aðeins ein braggatóft [1254] vel sjáanleg ofan við Sandgerðisveg og eitt steinsteypt jarðhýsi [1251] sem hugsanlega hefur verið skotfærageymsla undir varðstöð sem stóð á þessum slóðum. Jarðhýsið er um 3,4 m x 2,5 m. Gengið er niður í það sunnan megin. Braggatóftin [1254] í henni er skilti sem stendur á Herkampur og er tún allt í kring. Liggur malarvegur framhjá í átt að Sandgerði. Grunnurinn er 25 x 10 m og snýr austur-vestur. Utan um hann er hleðsla og eru veggir um það bil 1,2 m á breidd og 0,4 á hæð. Þeir eru grónir en greinilega sést grjót í hleðslu. Innan hleðslunnar má sjá ummerki um steypuleifar.

¹⁰ W.H. Harrison, „Gaman að hitta gamla vini eftir hálfa öld“, *Árbók Suðurnesja*, 1993, bls. 88.



Mynd 12 Skotbyrgi [1240] í túninu á Hlíð. Horft til vesturs þar sem flugvöllurinn var áður.

Tvö eða þrjú hlaðin skotbyrgi fyrir vélbyssu voru á túninu ofan við gamla flugvöllinn. Ummerki um eitt slíkt byrgi [1240] eru vel sýnileg á túninu vestan við hótelið. Byrgið er hlaðið utan í gamlan túngarð [1249-1250]. Í þessum vélbyssuvígjum var komið fyrir Bren byssum og mun fyrsta sveitin sem þær mannaði hafa verið breskir hermenn úr Durham Light infantry og Tyneside Scottish svokölluð „The Black Watch“ sem höfðu aðsetur á Skaganum. Síðla árs 1941 tóku Ameríkanar við vellinum. Þeir notuðu Browning vélbyssur samkvæmt því sem bók Friðþórs Eydal greinir frá.¹¹

Braggi var einnig reistur við suðurendann í landi Kolbeinsstaða. Nú er ekki nein auðsjáanleg ummerki um þann bragga. Miðað við umsvif hersins í landi Hlíðar þá eru ummerkin hans orðin lítill en það sem er ennþá varðveitt eru nokkuð heillegar minjar, braggagrunnur, skotgröf og neðanjarðarbyrgi.

¹¹ Friðþór Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 26-27.



Mynd 13 Jarðhýsi, neðanjarðarbyrgi [1251], hlutverk þess er óþekkt en þar má finna ýmsa hluti.

Aðgengi að sjáanlegum minjum er sæmilegt enda eru þær skammt frá nýbyggðu hóteli en helst þyrfti að færa til girðingu í samráði við landeiganda þannig að minjarnar yrðu enn aðgengilegri sem og merkja minjarnar.

Skagavöllur var í reynd aldrei notaður neitt að ráði en þjónaði hlutverki neyðarflugvallar.

Upplýsingaskilti mætti setja niður annað hvort við hótelið eða við enda flugbrautarinnar nálægt bílastæðinu við sjóvarnargarðinn.



Mynd 14 Hverfið á Fitjum. Húsgrunnar, braggar og gata.

Miðunarstöðin á Fitjum

Breski herinn reisti miðunarstöð á Fitjum í október 1941 og kom þar upp aðstöðu. Þar reistu Bretar 13 bragga og 5 steinhús. Þá áttu Bandaríkjamenn tvo bragga að Fitjum í stríðslok.¹² Bærinn var farinn í eyði og stóðu íbúðarhúsin enn uppi. Það var þá í eigu Ingibjörns Þ. Jónssonar bónda á Efri-Flankastöðum sem leigði það Bretunum. Þarna var einnig loftnet sett upp, um 20 m stálmöstur. Stöðin var allstór og er áætlað að þarna hafi verið um 100 hermenn þegar mest var, allt til ársins 1945. Stöðin var lögð niður árið 1946 og keypti Ingibjörn bóndi á Flankastöðum þá 13 bragga og 5 lítil steinhús af Sölnufnd varnarliðseigna.

Miðunarstöðvarnar hér og á Langholti, áttu að fylgjast aðallega með skipaumferð en einnig auðvelda staðsetningu á kafbátum og flugumferð en árangur mun ekki hafa verið mikill. Greinileg ummerki eru um braggabyggðina rétt suðaustan við gamla Sandgerðisveginn, skammt frá gamla bæjarstæði Fitja. Þarna eru enn sýnilegir allmargir grunnar, hleðslur, veggjabrot og sökklar undan möstrum.

¹² Friðþór Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hververndar*, bls. 77.



Mynd 15 Sennilega hefur varðstöð verið inn í hverfið á Fitjum og eru þetta leifar af því húsi.

Vel má sjá að braggarnir hafa ekki allir verið reistir á sama tíma. Þannig eru þeir eldri með hlöðnum grunni og hafa líklega verið með timburgólfi sem stóð á nokkrum steyptum staurum eða sökkklum. Nýrri braggarnir hafa verið með steyptu gólfi og eru þeir grunnar sýnilegri. Einnig var heilleg múrsteinshlaðin kamína eða arinn [1180] sem stendur ennþá vel sýnileg.



Mynd 16 Braggagrunnur [1206], hlaðnir veggir og steypt við innganginn.

Braggagrunnur [1260] er vel varðveittur, hann er 12 x 7 m og snýr í austur-vestur. Inngangur er í hann austan megin. Það er steipt við innganginn en ekki að sjá að það hafi verið steipt gólfplata. Braggagrunnur [1230] er svipaður að gerð og stærð braggagrunnur [1206].




Mynd 17 Fjórir steiptir húsgrunnar eru á Fitjum og tveir þeirra hafa ennþá varðveittar tröppur.

Steyptur húsgrunnur [1212] og hleðsla [1213]. Steipt gólfplata sést en engir veggir eru varðveittir, erfitt er að greina plötuna þar sem mosi og gras hafa gróið yfir hana. Hún mældist 6,3 x 3,5 m en er sennilega stærri. Við suðurenda hennar er hlaðinn „stokkur“ sem er fullur af drasli og tilheyrir sennilega þessu húsi. Ekki er ljóst hlutverk þess.

Steyptir húsgrunnur [1172] í honum er arinn [1174] aðrir steiptir grunnar eru húsgrunnur [1181] 12,5 m x 5, 2 og húsgrunnur [1183] 12,6 m x 5,2.

Þetta hverfi er ágætlega varðveitt og minjarnar vel sýnilegar. Ástæða er til að hreinsa burt lauslegt járnarusl og víra og setja upp skilti með upplýsingum. Aðgengi er gott.



Mynd 18 Hverfi Howard yfirlitskort.

Hverfið Howard [1429] á Langholti

Bretar og Bandaríkjamenn settu upp miðunar- eða ratsjárstöð á Langholti við Litla-Hólm í Leiru. Sautján braggar munu hafa staðið undir Langholtinu austanverðu og ratsjárloftnet uppi á holtinu. Hverfið hét eftir fyrrum yfirmanni merkjasveita Bandaríkjahers í Tennesseeeríki í bandaríska þrælastriðinu.¹³ Steinsteyptir sökkjar [1373-1374-1375] og steyppt plata [1372] fyrir mastur loftnets á norðanverðu holtinu eru enn vel sýnilegir en lítil ummerki eru um braggabyggðina. Talsvert umrót hefur orðið á svæðinu austan holtsins vegna starfsemi fiskvinnslufyrirtækja sem þarna hafa haft fiskþurrkunartrönur um áraraðir. Grunnar undan húsi og einum bragga sem voru nokkuð greinilegir voru mældir upp. Grunnurinn var með steinsteypu [1384] og bragginn [1385] var 21 x 8 m. Síðan mátti sjá ummerki um sennilega þrjá bragga [1379-1380-1382] en þessar minjar voru mjög ógreinilegar sem og steinsteyptan vegg [1381].

¹³ Friðþór Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 77.



Mynd 19 Mynd 11 Leifar af steiptum húsgrunnum á Langholtinu.

Steinsteiptir sökklar og steypubrot [1386-1387-1388-1389] er að finna nyrst í bland við rusl frá seinni tíma.

Þá má greina ummerki um hlaðna gröf úr torfi og grjóti utan í og uppi hól vestan við Langholtið. Gröfin virðist hafa vísað inn að heiðinni. Líklegt má telja að þetta sé skotbyrgi [1390] frá hernum en þó ekki óhugsandi fyrir veiðimenn.

Fremur ógreiðfær vegarslóði liggur að Langholtinu að fiskþurrkunartrönum sem þarna eru og upp í grjótnámuna. Með dálitlum ofaniburði mætti gera hann færar flestum bílum og setja upp upplýsingaskilti við vegarslóðann.



Mynd 20 Tóft [1562] fjárborg - skotbyrgi.

Tóft [1562] Berghólar í Leiru

Á Berghólum var strandvarnarfallbyssu komið fyrir um stundarsakir í september og október 1944. Tóftin er allstór 22 m á lengd og vel sýnileg, um 8 metrar í þvermál og grasi gróin. Enn mátti sjá leifar af gaddavír og stálstaurum umhverfis hana vorið 2019. Í tóftinni miðri er n.k. „púði“ eða sökkull sem byssan hefur líklega staðið á. Skotlínan er til norðurs og austurs í átt að Stóra-Hólmi. Tóftin [1562] er merkt með látlausu skilti sem á stendur „Berghóll“. Það er hugsanlegt að þetta sé upphaflega fjárborg sem hafi verið nýtt af henum. Það er frekar gróið í kringum tóftina sem bendir til þess að þarna hafi verið skepnur.



Mynd 21 Skotbyrgi í Bergvíkinni.

Skotbyrgi [1563] Bergvík

Nálægt bjargbrúninni ofan við Bergvík má finna óljós ummerki um lítið hlaðið skýli. Ekki er unnt að slá því föstu að um leifar af skotbyrgi sé að ræða en má þó telja líklegt út frá staðsetningu. Svæðið er ekki vel aðgengilegt og ekki augljóst frá Garðveginum.




Mynd 22 Hverfið Snelling, hús, braggar og götur. Það hefur ekki verið fullskráð.

Hverfið Snelling [1453]

Norðan við Garðsveg og Róselstjarnir var hverfið Snelling, um 30 braggar voru reistir þar. Hverfið hýsti fótgönguliða- og stórskotaliðsflokka til ársins 1944.¹⁴ Þarna er ennþá finna fjöldann allan af grunnum undan bröggum og að minnsta kosti eitt hús sem hefur verið steipt. Svæðið hefur ekki verið skráð að fullu en búið er að mæla upp fimmtán hús og braggagrunna. Minjarnar eru nokkuð heillegar og sýnilegar. Þarna væri tilvalið að setja upp skilti með upplýsingum, svæðið er aðgengilegt.

¹⁴ Friðþór Eydal, 2007. Frá heimsstyrjöld til hververndar, bls.79.



Mynd 23 Hverfið Goodrich var skráð árið 2016.

Hverfið Goodrich [1420]

Austan við Leifsstöð, báðum megin við Reykjanesbrautina, er að finna leifar af hverfinu Goodrich en þar voru reistir fimmtán braggar sem hýstu loftvarnarflokk. Hverfið hét eftir Goodrich lautnant í 50. orrustuflugsveitinni sem fórst með USS Mallory.¹⁵


Skráðar herminjar á svæðinu innan girðingar voru 46 auk herminja utan girðingar austanmegin við Leifsstöð en þar stóð hverfið Goodrich.

Stjórnstöð - Kjallari [429]

Steinkjallarin var stjórnstöð og þaðan var samband við loftvarnastjórnstöð svæðisins sem leiðbeindi um aðvífandi skotmörk og samræmdi aðgerðir. Slíkar staðbundnar stjórnstöðvar voru ýmist grafnar niður að hluta eða öllu leyti eða varðar með hleðslum eða jarðvegsmönnum og veittu skjól gegn láréttum kröftum frá sprengingum í grenndinni og sprengjubrota- og grjótregni. Þær voru víða steinsteyptar og með steypu þaki.¹⁶


¹⁵ Friðþór Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hververndar*, bls. 75.

¹⁶ Friðþór Eydal, tölvupóstur 6. desember 2016.



Skáli [436] og veggjarbrot [1136]

Þessar minjar ásamt stjórnstöðinni eru ágætlega varðveittar minjar en þarna hafa staðið tveir reisulegri skálar en hinir braggarnir. Þarna er einnig að finna steypar þrær og gæti verið að þarna hafi verið þvottahús og salerni. Í fyrri skráningu var þetta hús kallað stjórnstöð en líklegra er um stóra skála eða bragga að ræða.



Kalka [287], varða á Háaleiti

Á Háaleiti var varða [287] sem er fyrst getið um í gömlu landamerkjabréfi frá 1270 en þar segir: „En lyngrifamörk skilur gata sú, er liggur fyrir innan Torfmýrar og upp á Háfaleiti til vörðu þeirrar, er stendur á leitinu þar, sem hæst er milli Kirkjuvogs, Njarðvíkur og Djúpavogs. En rekamörk millum Djúpavogs, Starness og Hvalsness skilur gróf sú, er verður fyrir innan klettana til hægri handar, er riðið er frá Kirkjuvogi.“¹⁷

Í örnefnaskrá frá Keflavík segir um vörðuna á Háaleiti: „Það voru til ýmis örnefni hérna í heiðinni, nálægt þar sem Flugturninn er, þar var kallað Háaleiti (1) og Ameríkanarnir þýddu þetta á sitt tungumál og kölluðu það High Lady, en þar var varða í gamla daga, sem kölluð var Kalka (2), hún var hvít á litinn. Hennar er getið í þjóðsögum, því þar voru peningar grafnir, m.a., og þar sáu menn loga og loga, þar sem peningarnir voru. Þegar að var komið, þá var allt slokknað.“¹⁸ Tvær frásagnir eru að minnsta kosti til um fjársjóð og draug á Háaleiti og hefur önnur þeirra verið birt í Rauðskinnu en hin í Lesbók Morgunblaðsins.¹⁹

Í blaðinu Faxe segir eftirfarandi um vörðuna Kölku: „Þetta hérað [Keflavíkurflugvöllur] nær yfir 9200 ha. — sem var áður algjörlega óræktað heiðarland — sem ríkið tók með lögnámi af landi 5 hreppa: Hafnahreppi, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Njarðvíkurhreppi og Keflavík, — og úr landi ca. 30 jarða. Endamörk þessara hreppa námu við Háaleyti og Kölku og hafi nokkrar landamæraerjur verið á þessum háheiðum — 167 fet hæst yfir sjávarmál — þá eru þær nú úr sögunni að eilífu, þar eð enginn veit nú hyrningarsteina þessa lengur.“²⁰ Í Faxe er að finna styttri umfjöllun og Kölkuvísur. Þar segir: „Kalka er heiti á landamerkjavörðu sem stóð uppi á Háaleiti, þar nú er Keflavíkurflugvöllur og braggahverfi honum tilheyrandi. Einnig er þess getið til, að hún hafi verið notuð sem innsiglingarmerki á dögum Selstöðukaupmanna í Suðurnesjum. Varðan er sögð verið hvít kölkud, svo að hún sæist langt að, og hefir hún dregið nafn þar af. Var þessi ævagamla varða við líði, þar til nú á stríðsárunum, að setuliðið jafnaði

¹⁷ Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 18. árg. 1903, bls. 41.

¹⁸ Örnefnaskrá Keflavíkur. Viðtal um Keflavík 1.

¹⁹ Lesbók Morgunblaðsins, 12. júní 1949, bls. 290, og Jón Thorarensen, *Rauðskinnu*, bls. 42-46.

²⁰ Jón Tómasson. „Keflavíkurflugvöllur og Keflavík“, *Faxe*, 12. árg. 1952, 5. tbl, bls. 70.

hana við jörðu. Rekur varðan raunir sínar í eintali því, sem hér fer á eftir.²¹ Kolkuvísur eru 15 erindi en hér á eftir eru aðeins birtur hluti þeirra. Höfundur er Ágúst L. Pétursson.

Úr Kolkuvísu

Eitt sinn var ég ung og fríð,
átti farfan hvíta.
Ýmsir þráðu alla tíð
upp til mín að líta.

Oft mér sendi sólin fríð,
signuð ástarskeyti.
Óðal mitt var alla tíð
upp á Háaleiti.

[...]

Villtum mönnum vegum á
vildi ég forða grandí.
Björgun veitti brögnum þá,
bæði á sjó og landi.

[...]

Stórveldis kom hingað her,
hertur fítons anda.
Ólmir vildu meina mér
á minni jörð að standa.

Hermenn þustu hingað, en
helgri ró ei skeyttu.
Óli Thórs og Bjarni Ben
björg mér enga veittu.

Hersins vakti harða geð
hrygð, en enga kæti,
sínun vítisvélum með
veltu mér úr sæti.

Byggð var reist við bústað minn,
bæði daga og nætur.
Missa þarna meydóm sinn
margar landsins dætur. [...]²²




Mynd 24 Arinn frá Harrison hverfinu sem stendur stakur eftir sem vitnisburður hernámsárin.

²¹ Hallgrímur Th. Björnsson, *Faxi*, 10. árg. 1950, 1. tbl. bls. 8.

²² *Faxi*, 10. árg. 1950, 1. tbl., bls. 8.

Varða þessi, sem nú er horfin, hefur verið landamerki jarða allt frá miðöldum, hreppamörk síðar meir, innsiglisvarða og áberandi kennileiti á háheiðinni á Háaleiti.



Mynd 25 Hverfið Harrison, fjöldinn allur af bröggum, húsum, byrgjum og vegaslóðum.

Hverfið Harrison [851]

Innan flugvallagirðingar og utan er að finna leifar af hverfinu Harrison en það var skammt sunnan við Meeksflugvöllinn. „Hverfið hýsti fótgönguliða og stórskotaliðsflokk en varð síðar aðsetur loftvarnarbyssusveitar út stríðið ásamt ratsjárstöð frá sumrinu 1944. Flugvélabensín var geymt í tunnum á viðavangi í nágrenni hverfisins. Í hverfinu voru 64 braggar í stríðslok en það hét eftir hermanni sem fórst með USS Mallory.“²³

Minjarnar innan girðingar eru frá æfingasvæðum nema þar sem hverfið Harrison stóð. Verður að telja minjar frá æfingasvæðunum frekar lítilfjörlegar en minjarnar frá hverfunum mikilvægar.

Rétt rúnum 100 metrum norðan við suðurgirðinguna eru fimmtán skotskjól [349-350-351-352-353-354-355-356-357-358-359-360-361-362-363] frá varnarliðinu. Þau liggja í röð úr


²³ Friðþór Eydal, 2007. Frá heimsstyrjöld til hververndar, bls.76.

suðvestri til norðausturs á um 150 metra kafla. Flest þeirra eru lítilvægileg og einhverjum þeirra hefur verið raskað. Ekki er mikið hleðslulag á þessum minjum, meira eins og steinum hafi verið hrúgað upp. Aðeins örfá þeirra eru heil en þó ekkert þeirra veglegt.

Um 900 metrum austar og á bilinu 70 til 120 metrum norðan við girðinguna eru þrjú skotskjól [364-364-366]. Þau eru svipaðrar gerðar. Steinum hefur verið hrúgað upp í boga til að mynda skotskjól eða vegg. Ekkert þeirra er veglegt og áttu sjálfsagt ekki að standa lengi.

Við Sauðhóla er að finna byrgi, veggi og steinahröngl [367-368-369-370-371-375-376-377-378-379-380-381-382]. Sama er að segja um þessi mannvirki og þau sem að framan eru nefnd. Þó eru þar þrjú mannvirki sem virðast miklu eldri, tvær tóftir [372-374] og stekkur/aðhald af einhverju tagi [373].


Tvær stauralínur eftir símalínu liggja þarna um svæðið. Báðar hafa þær borið uppi símalínur millum mikilvægra leiða á tímum hersetunnar. Frágangur þeirra bendir til tímasetningar í byrjun sjötta áratugar síðustu aldar. Nú hangir engin lína uppi, en staurana má finna víða um svæðið.



Mynd 26 Hverfið Rising hús, braggar og gata.

Hverfið Rising [1445]

Sunnan við hverfið Harrison og norðan við Hopkins var hverfið Rising. Minjar er að finna um þetta hverfi ennþá en það hefur ekki verið að fullu skráð. Tuttugu og fjórir braggar við Stapafellsveg norðan við Hafnaveg. Hverfið hósti stórskotaliðssveit sem eining hafði hverfið Harrison til ummráða og hét eftir bandarískum hermanni sem í orrustu í Frakklandi í fyrri heimsstyrjöldinni.²⁴ Mældir hafa verið upp nokkrir braggar, steipt hús og gata. Ekki hefur svæðið verið fullskráð. Minjarnar eru ágætlega varðveittar.



Mynd 27 Hverfið Hopkins aðeins lítill hluti þess hefur verið skráður. Loftmyndin sýnir vel umfangið á minjasvæðinu.

Hverfið Hopkins

Hverfi Hopkins var stórt og er sunnan við hverfið Rising. Hverfið hósti aðalstöðvar og þrjú undirfylki 2. herfylkis 11. fótgönguliðssveitar ásamt 10. skriðdrekaundirfylkingu frá 1942 til sumars 1943 er þrjú undirfylki 118. fótgönguliðssveitarinnar tóku við og dvöldust þar til hausts. Hverfið hét eftir liðsmanni 11. fótgönguliðssveitarinnar að nafni Dan Hopkins sem

²⁴ Friðþór Eydal, Frá heimsstyrjöld til hverndar, bls. 78.

druknaði á Blönduósi er hann hugðist vaða Blöndu 25. júlí 1942. Sumarið 1944 flutti 556. ratsjársvéitin aðalstöðvar sínar og stjórnstöð loftvarna í búðirnar frá Rauðhólum austan Reykjavíkur og dvaldi þar til stríðsloka. Í stríðslok voru rúmlega 105 braggar og ein skemma sem hýsti loftvarnastjórnstöðina í búðunum.²⁵ Þetta hverfi hefur aðeins verið skráð að hluta en þarna eru heilmiklar og nokkuð vel varðveittar minjar. Það er ástæða til að fullskrá það og reyna að varðveita það. Upplýsingar skilti hefur verið sett upp en ekki við sjálft hverfið.



Mynd 28 Hvalneshverfið, grunnar undan bröggum og einu steyptu húsi. Það hefur ekki verið fullskráð.

Hvalsnes [1432]

Sjö braggar eru upp af eyðibýlinu Gerðakoti sem hýstu flugstefnuvita og umsjónarmenn hans. Flugstefnuviti hefur æ síðan verið starfræktur á þessum stað.²⁶ En eru leifar af braggagrunnum [753-754-755-756] og einum steyptum grunni [752]. Minjarnar hafa ekki allar verið mældar

²⁵ Friðþór Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 76-77.

²⁶ Friðþór Eydal, *Frá heimsstyrjöld til hverndar*, bls. 77.

upp en hnitapunktur teknar á öllum minjunum. Rétt utan við hverfið má finna skotbyrgi frá hernum.



Mynd 29 Hvalsnes hverfið. Húsgrunnur og tröppur [752] í heiðinni fyrir ofan Hvalsnes.

Þórshöfn

Við Þórshöfn og uppi í heiði er að finna skotbyrgi og hleðslur sem eru leifar af æfingasvæði sem þar var. Auk þess eru leifar af mannvirkjum niður við sjó og steinn með áletrun frá hermanni sem verið við vakt í Þórshöfn. Minjarnar við Þórshöfn hafa ekki verið mælda upp en teknir voru hnitapunktur af þeim árið 2014.



Mynd 30 Eitt af mörgum skotbyrgjunum sem er að finna í kringum Þórshöfn.

Samantekt og niðurstöður

Eins og við er að búast er mikill fjöldi herminja á þessum svæðum þar sem varnarliðið hefur haft aðstöðu frá því á árum seinni heimsstyrjaldar. Mörg hverfin hafa horfið við seinni tíma framkvæmdir á vegum varnarliðsins. Mikilvægt er að þær minjar sem enn eru eftir um veru hersins á stríðstímanum séu varðveittar og skráðar. Umsvifin frá hernum á stríðstíma settu mark sitt á Suðurnesin og eru snar þáttur í þeirra sögu. Ekki hafa öll hverfin verið skráð að fullu né lagt mat á ástand þeirra. Mikilvægt er að mörkuð verði stefna hjá Minjastofnun Íslands sem og hjá sveitarfélögunum Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ hvaða herminjar á varðveita áður en þær verða allar horfnar vegna framkvæmda. Í þessari skráningu var fyrst og fremst skráð þau svæði sem eru í sveitarfélagi Suðurnesjabæjar. Ekki var hægt að skrá öll svæðin eða mæla þau upp innan ramma þessa verkefnis og höfðu tvö þeirra verið skráð áður að hluta. Skýrsluhöfundur, Ragnheiður, hefur auk þess safnað og skráð í gegnum árin upplýsingum um fleiri svæði.

Í sveitarfélagi Suðurnesjabæjar er að finna allmörg hverfi. Þau sem eru best varðveitt eru á Fitjum, Snelling, Goodrich og Harrisson. Auk þess eru minjar í hverfinu Howard og skotbyrgi við Berghóla vel varðveitt. Snelling og Harrisson hafa ekki verið skráð að fullu.

Í sveitarfélagi Reykjanesbæjar er t.d. að finna Hopkins, Rising og Pattison flugvöllinn. Mörg hverfi hafa horfið. Hopkins og Rising eru nokkuð vel varðveitt og hafa verið skráð að hluta. Búið er að setja upp upplýsingaskilti um þessi hverfi.

Skýrsluhöfundur leggja til að sett verði upp skilti sem greina frá sjáanlegum minjum og starfsemi Breta og Bandaríkjamanna. Í það minnsta á þeim stöðum sem eru því sem næst í alfaraleið ferðamanna. Hægt væri að vinna skiltin í heildarmynd sem tengdi hverfin og söguna. Sem hluti af þeirri heildarmynd mætti hugsa sér að setja stórt skilti með upplýsingum um alla helstu staðina og staðsetja í hverfinu Goodrich sem er rétt utan við Leifsstöð.

Mætti hugsa sér að hafa þau álíka og skiltin sem varnarliðið setti upp við Þórshöfn, Gálgakletta, Hopkins, Rising og Harrisson, þar sem hlaðin varða er undirstaða fyrir skiltin. Slík söguskilti eru fremur kostnaðarsöm í uppsetningu ef vel skal vanda til verksins. Staðirnir verðskulda sannarlega að þeim sé sómi sýndur.

Þannig gætu ferðamenn og heimamenn kynnt sér sögu flugvallarins á Garðskagaflötum og skoðað þau ummerki sem þar eru. Mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína á Garðskaga í náttúru- og fuglaskoðun en fæstir eru meðvitaðir um að þarna var töluverð starfsemi á stríðsárunum og margir sem hafa áhuga á stríðssögunni.



Mynd 31 Upplýsingaskilti við hverfin Hopkins og Rising.

Minjar af þessu tagi eru ekki sjálfkrafa verndaðar sem fornleifar af þjóðminjalögum þar sem þær eru yngri en 100 ára og því er minnt á mikilvægi þess að skrá þær og varðveita eftir föngum vegna sérstöðu þeirra.

Í lögunum er heimild til þess að friðlýsa yngri minjar, en um þau efni hefur hvorki skapast hefð né opinber stefna verið mörkuð. Gefur engu að síður augaleið að ýmsar herminjar á svæðinu eru þýðingarmikil heimild um hlutdeild Íslands í einhverjum mestu stríðsátökum mannkynssögunnar og kalda stríðinu sem á eftir kom. Fullyrða má að þær hafi alþjóðlegt minjagildi og með vaxandi ferðamannastraumi má gera ráð fyrir að þær hafi aðdráttarafl fyrir þá sem eru áhugasamir um sögu stríðsins.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 2. útgáfa. 1984, Hið íslenska fræðafélags, Kaupmannahöfn 1913-17.

Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík 1984.

Friðþór Eydal, *Frá Heimsstyrjöld til hverndar. Keflavíkurstöðin 1942-1950*. Reykjavík, 2007. Bláskeggur.

Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölum í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Magnús Gíslason, „Flugvöllur hans hátignar. Af setuliðinu í Garði og gerð flugvallar á Garðskaga 1940-1944“, *Árbók Suðurnesja*, VI. árg. Keflavík 1993, bls. 97-116.

Magnús Gíslason, „Vann næstum alla starfsævina við hernaðarframkvæmdir“, „*Árbók Suðurnesja*, VII. árg., Keflavík, bls. 87-99.

Ragnheiður Traustadóttir, 2002. Fornleifaskráning á Miðnesi. Archaeological Survey of Miðnesheiði. Rannsóknarskýrslur 2000. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ragnheiður Traustadóttir og Ómar Smári Ármannsson 2014. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Keflavíkurflugvelli. Garðabæ. Antikva ehf.

Ragnheiður Traustadóttir 2016. Fornleifar á vestursvæði Keflavíkurflugvallar. Deiliskipulag vestursvæðis. Flugstöðarsvæði Keflavíkurflugvallar. 2016. Garðabæ. Antikva ehf.

W.H. Harrisson, „Gaman að hitta gamla vini eftir hálfa öld“, *Árbók Suðurnesja* XI. árg. bls. 87-92.

Tímarit

Lesbók Morgunblaðsins, 12. júní 1949, bls. 290.

Jón Tómasson. Keflavíkurflugvöllur og Keflavík. Faxi, 12. árg. 1952, 5. tbl, bls. 70.

H. Th. B. Faxi, 10. árg. 1950, 1. tbl, bls. 8.


Árnastofnun

Örnefnaskrá Keflavíkur

Heimildarmenn




Yfirlitskort Sk áningarsvæðið	028557040702280met a	N Ko t N	Antikva ehf.
			K a e a e T a s a
			k á T
			15.09.2019





 Loftmyndir ehf.

Fitjar Suðurnesjabær	0357428 met a	N 	Antikva ehf.		
		K a e a e T a s a			
		k á a e T a s a			
Ko t N 2			09.09.2019		



 Loftmyndir ehf.

Camp Hopkins
Suðurnesjabær



Ko t
N 3

Antikva ehf.

K a e a e T a s a



k á a e T a s a

09.09.2019



 Loftmyndir ehf.

Camp Howard
Suðurnesjabær




Ko t
N 4

Antikva ehf.

K a e a e T a s a



k á a e T a s a

09.09.2019



 Loftmyndir ehf.

Camp Rising
Reykjanesbæ



Ko t
N 6

Antikva ehf.


K a e a e T a s a

k á a e T a s a


09.09.2019



Hvalsnes Suðurnesjabær	05003040met a	N Ko t N 7	Antikva ehf.		
			K	a e	a e T a s a
			k á	a e	T a s a
			09.09.2019		




Camp Harrison Suðurnesjabær	0500050200met a	N Ko t N 8	Antikva ehf.
			K a e a e T a s a
			k á a e T a s a
			09.09.2019



Camp Goodrich

Suðurnesjabær




Kort
Nr. 9

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir


Skráning: Ragnheiður Traustadóttir

09.09.2019





 Loftmyndir ehf.

Hlíðarkampur Braggagrunnur [125]	053692 m t a	N 	Antikva ehf.
			K a e a e T a s a
		Ko t N	k á a e T a s a
			15.09.2019



Loftmyndir ehf.

Berghólar

Fjárborg-skotbyrgi [1562]

0 1 2 4 6 8 metrar



Kort
Nr. 12

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: Ragnheiður Traustadóttir

15.09.2019